

Fimmtudaginn 3. maí 1979.

Nr. 76/1979. Bragi h/f
 gegn
 Benedikt Erni Benediktssyni
 Hrefnu Benediktsson
 Einari Benediktssyni
 Kristínu Svölu Benediktsson
 Oddi Benediktssyni
 Ragnheiði Benediktsson og
 Valgerði Þóru Benediktsson.

Kærumál. Vitni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með heimild í c lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 með kæru 16. mars 1979, sem barst Hæstarétti 6. apríl s. á. Fyrirsvars-mönnum sóknaraðilja barst vitneskja um hinn kærða úrskurð 5. mars.

Sóknaraðili krefst þess hér fyrir dómi, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lögmanni varnaraðilja dæmt óheimilt að leggja fram vottorð dr. med. Ólafs Bjarnasonar og fá tekna af honum skýrslu á dómþingi. Þá krefst sóknar-aðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði, hefur dr. med. Ólafur Bjarnason, prófessor og yfirlæknir við Rann-sóknastofu Háskólans við Barónsstíg, ekki komið fyrir dóm og lýst afstöðu sinni til þess ágreinings aðilja, sem úrskurð-urinn fjallar um. Vottorð það frá læknum, sem lögmaður varnaraðilja kveðst vilja leggja fram, er um heilsuhagi Ein-ars Benediktssonar. Slíkt vottorð er þó ekki í vörslum lög-mannsins eða umbjóðenda hans. Er óvíst, hvort það hefur verið samið.

Heimilt er að lögum, að dr. med. Ólafur Bjarnason komi fyrir dóm í máli aðilja. Um skyldu hans til að svara einstökum spurningum um heilsuhagi Einars Benediktssonar ber að taka afstöðu, þegar spurningarnar hafa komið fram.

Þar sem ekki er fram komið, að dr. Ólafur hafi samið vottorð, sem máli skiptir um ágreining sakaraðilja, er ekki á þessu stigi málsmeðferðarinnar unnt að taka afstöðu til, hvort leggja megi slíkt vottorð fram. Hafa þó allir vanda-menn Einars Benediktssonar, sem taldir eru í 3. tl. 25. gr. laga nr. 19/1940, þ. e. varnaraðiljar, lýst sig samþykka því, að vottorð frá læknum um heilsu Einars sé lagt fram í mál-inu.

Samkvæmt þessu verður heimilað, að dr. med. Ólafur Bjarnason komi fyrir dóm til skýrslugjafar, en ekki kveðið á um heimild til að leggja fram vottorð hans um það efni, sem fyrr er getið.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Heimilt er, að dr. med. Ólafur Bjarnason komi fyrir dóm til skýrslugjafar í máli nr. 238/1978 á bæjarþingi Reykjavíkur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 1. mars 1979.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 20. febrúar sl., höfðuðu erfingjar Einars Benediktssonar skálds, þeir Hrefna Benediktsson, 2014 West 8th Street, Los Angeles, California 90057, Benedikt Örn Benediktsson, 203 N.W. 41st Street, Seattle, Washington 98107, Einar Benediktsson, 124 Boulevard Haussmann, 75008 Paris, Valgerður Þóra Benediktsson, Hafnarstræti 4, Ísafirði, Ragnheiður Benediktsson, Hagamel 17, Reykjavík, og Kristín Svala Benediktsson Daly, 1600 S. Eads St., Arlington, Va. 22202, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 31. janúar 1978, gegn Braga h/f, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þær aðallega, að viðurkennt verði með dómi, að Bragi h/f hafi ekki öðlast eignarrétt og höfundarétt að verkum Einars Benediktssonar skálds, en til vara, að

viðurkennt verði með dómi, að eignarréttur sá og höfundaréttur að verkum Einars Benediktssonar, sem félagið telji sig hafa öðlast með samningi við Einar Benediktsson 17. janúar 1938, sé niður fallinn. Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi stefnda, Braga h/f.

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda og að stefnda verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins úr hendi stefnenda in solidum.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

Við fyrirtöku málsins 20. febrúar sl. lýsti lögmaður stefnenda því yfir, að við næstu fyrirtöku málsins hygðist hann leggja fram vottorð dr. med. Ólafs Bjarnasonar og leiða vottorðsgjafa til yfirheyrslu.

Lögmaður stefnda mótmælti því, að lögð yrðu fram gögn varðandi heilsufarsástand Einars Benediktssonar skálds, og jafnframt því, að dr. med. Ólafur Bjarnason yrði yfirheyrður um heilsufar skáldsins. Lögmaðurinn rökstuddi mótmæli sín með skírskotun til 10. gr. laga nr. 80/1969, sbr. rökstuðning í greinargerð á dskj. 15.

Lögmaður stefnenda tók fram, að hann hefði lagt fram umboð sér til handa frá öllum umbjóðendum sínum til þess að afla hvers konar læknisfræðilegra gagna um andlega og líkamlega heilsu Einars Benediktssonar, þar með talin krufningarskýrsla, og til þess að leggja slík gögn fram í dómi. Lögmaðurinn taldi öll skilyrði þess að leggja umrædd gögn fram vera fyrir hendi skv. 10. gr. laga nr. 80/1969. Máli sínu til stuðnings vísar lögmaðurinn til dóma Hæstaréttar 1945, bls. 315, 1946, bls. 599 og 1947, bls. 70.

Þetta ágreiningsatriði er hér til úrskurðar.

II.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið, að 13. janúar 1938 hafi verið stofnað í Reykjavík hlutafélagið Bragi. Í stofnsamningi og lögum félagsins segi, að tilgangur félagsins sé sá að kaupa af fyrrverandi sýslumanni Einari Benediktssyni í Herdísarvík eignarrétt að öllu því, sem hann hafi samið, með þeim takmörkunum, sem leiða af áðurgerðum ráðstöfunum hans, svo og birta ritin á hvern hátt, sem vera skal, eða ráðstafa þeim á annan hátt. Félag þetta telji sig hafa gert samning við Einar Benediktsson 17. janúar 1938, þar sem hann hafi selt og afsalað Braga h/f

eignarrétti á öllu því, sem hann hafði samið, og hafi andvirði hins selda verið kr. 7.000. Einar Benediktsson skáld hafi látist í Herdísarvík hinn 12. janúar 1940. Erfingjar Einars Benediktssonar hafi höfðað mál á hendur Braga h/f með stefnu, útgefinni 11. september 1944, til ógildingar á „samningi“ frá 17. janúar 1938. Mál þetta hafi verið hafið með dómi bæjarþings Reykjavíkur að kröfu erfingjanna 5. mars 1947, en Bragi h/f hafi ekki haft uppi gagnkröfur um efnisdóm til viðurkenningar á meintum rétti sínum.

Af hálfu stefnenda hefur verið lagt fram sem dskj. 11 umboð, undirritað af stefnendunum Einari, Valgerði Þóru, Ragnheiði, Oddi og Kristínu Svölu Benediktsson, en þau munu vera börn Stefáns Más, sem lést 12. febrúar 1945, sonar Einars Benediktssonar skálds. Umboðið undirritar einnig Sigríður Oddsdóttir, móðir þessara stefnenda.

Í umboði þessu segir m. a.:

„Við undirritaðir erfingjar Einars Benediktssonar, skálds, sem lést í Herdísarvík hinn 12. janúar 1940, veitum hér með Ragnari Aðalsteinssyni, hrl., fullt og ótakmarkað umboð til að höfða fyrir okkar hönd ásamt öðrum erfingjum Einars Benediktssonar mál á hendur Braga h.f., Reykjavík, eða öðrum þeim, sem kunna að telja sig eiga að öllu eða hluta tilkall til höfundaréttar yfir verkum Einars Benediktssonar. Nær umboðið til öflunar viðurkenningar á rétti erfingjanna til höfundaréttarins svo og til annars, sem af því leiðir. Umboð þetta nær og til þess að afla hvers konar læknisfræðilegra gagna um andlega og líkamlega heilsu Einars Benediktssonar, þ. m. t. krufningaskýrsla, og til að leggja slík gögn fram í dómi.“

Á dskj. 12 er umboð undirritað af Hrefnu Benediktsson, í því segir m. a. svo:

„ . . . Nær umboð þetta til hvers konar gagnaöflunar, þ. á m. til að afla gagna um líkamlegt og andlegt ástand Einars Benediktssonar og dánarorsök, svo og til að fá aðgang að hvers konar gögnum, sem við sjálf eigum rétt til. Ennfremur til að gera allt það, sem stuðlar að því, að hugsanlegur réttur okkar verði ekki fyrir borð borinn, þar með talið að höfða mál, ef nauðsynlegt reynist.“

Á dskj. 19 er umboð undirritað Benedikt Örn Benediktsson, í því segir m. a.:

„Umboð þetta nær til þess að afla hvers konar læknisfræðilegra gagna um andlega og líkamlega heilsu Einars Benedikts-

sonar, þ. m. t. krufningarskýrsla, og til að leggja slík gögn fram í dómi.“

III.

Stefnendur skýra aðild sína þannig, að stefnendurnir Hrefna Benediktsson og Benedikt Örn Benediktsson séu börn Einars Benediktssonar skálds, en stefnendurnir Einar, Valgerður Þóra, Ragnheiður, Oddur og Kristín Svala séu börn Stefáns Más Benediktssonar, sonar Einars Benediktssonar. Ekkja Stefáns Más, Sigríður Oddsdóttir, sé samþykkt málshöfðun þessari. Eigi því allir núlifandi erfingjar Einars Benediktssonar skálds aðild að málshöfðun þessari, en eignarréttur og höfundaréttur að sömdu máli gangi í erfðir eftir almennum reglum.

Aðalkröfu sína byggja stefnendur á eftirfarandi málsástæðum:

Að samningur sá, sem stefndi virðist byggja rétt sinn á og sé af stefnda talinn vera undirritaður af Einari Benediktssyni, sé ekki undirritaður af honum.

Telji dómurinn, að stefnendur hafi sönnunarbyrðina fyrir því, að Einar Benediktsson hafi ekki undirritað samning þennan, ef hann komi fram í máli þessu og dómurinn telji jafnframt, að stefnendum takist ekki sú sönnun, þá er á því byggt, að Einar Benediktsson hafi ekki verið svo heill heilsu andlega og líkamlega í janúar 1938, að hann hafi verið fær um að ráðstafa fjárhagslegum og persónulegum hagsmunum sínum og samningurinn því ekki bindandi fyrir hann og erfingja hans.

Teljist samningurinn hafa verið gerður þá, er því haldið fram, að hann hafi verið ógildur frá upphafi, þar sem óheiðarlegt hafi verið og sé að bera fyrir sig slíkan samning skv. reglunum um misneytingu og ákvæðum 32. gr. samningalaga.

Aðal- og varakröfur eru enn fremur á því byggðar, að teljist margnefndur samningur hafa verið gerður, þá hafi hann frá upphafi verið ógildur í heild sinni, þar sem hann hafi verið bersýnilega ósanngjarn og hafi brotið og brjóti í bága við góðar venjur í höfundaréttarmálum, sbr. nú 29. gr. höfundalaga nr. 73/1972.

Ekki þykir ástæða til þess að rekja hér frekari rökstuðning stefnenda fyrir varakröfum, þar sem það skiptir ekki máli í sambandi við ágreiningsatriði það, sem hér er til úrlausnar.

Í greinargerð lögmanns stefnenda segir, að lögmaðurinn muni leiða Ólaf Bjarnason, dr. med., fyrir dóm og krefjast þess, að hann sem forstöðumaður Rannsóknastofu Háskólans leggi fram skýrslu um krufningu á líki Einars Benediktssonar, sem minnst

sé á í dskj. nr. 6, og jafnframt óska greinargerðar hans um þá krufningarskýrslu. Jafnframt er þess getið, að frekari rannsóknir á heilsufari Einars heitins Benediktssonar hafi verið gerðar og muni niðurstöður þeirra rannsókna verða lagðar fram í málinu á síðara stigi.

Af hálfu stefnda er aðalkröfu stefnenda mótmælt með skírskotun til dskj. nr. 16, en það er samningur sá, undirritaður af Einari Benediktssyni 17. janúar 1938, er stefndi hafi byggt rétt sinn og starfsemi á fyrr og síðar. Þetta skjal sé undirritað og dagsett af Einari Benediktssyni sjálfum og fullnægi því fullkomlega 154. gr. laga nr. 85/1936 sem einkaskjal, enda áritað af tveimur vottum. Það sé því stefnenda að sanna, að þessi samningur sé falsaður. Ekkert sé fram komið af hálfu stefnenda, sem dregið geti úr sönnunargildi þessa skjals. Með skírskotun til þessa sjáist, að aðalkrafa stefnenda sé tilhæfulaus með öllu.

Þeirri fullyrðingu stefnenda er mótmælt alfarið, að Einar heitinn Benediktsson hafi ekki verið svo heill heilsu andlega og líkamlega í janúar 1938, að hann hafi verið fær um að ráðstafa fjárhagslegum og persónulegum hagsmunum sínum og samningurinn því ekki bindandi fyrir hann og erfingja hans. Ekkert sé fram komið fyrr né síðar og allra síst af hálfu stefnenda, erfingja Einars Benediktssonar, sem kastað geti rýrð á andlega og líkamlega heilsu skáldsins á þeim tíma, sem samningurinn var undirritaður. Kröfu stefnenda um framlagningu krufningarskýrslunnar, ef til sé, er mótmælt með þeim rökum, að það sé alger óhæfa að raska með slíkum hætti grafarfriði hins framliðna og með slíku væri skapað mjög varhugavert fordæmi, sem eindregið beri að leggjast gegn. Þá hafi stefnendur ekki leitt nein rök að mikilvægi skýrslunnar fyrir úrslit málsins, sbr. 10. gr. laga nr. 80/1969. Loks sé krufningarskýrsla, sem gerð sé eftir dauða skáldsins, enginn mælikvarði á líkamlegt og andlegt ástand þess tveimur árum áður, þegar samningurinn á dskj. nr. 16 var gerður.

Engir vottar séu á umboðunum á dskj. 11, 12 og 13, þannig að ekki verði hjá því komist að mótmæla þeim öllum af þeim sökum og krefjast þess, að allir þeir, sem undir þessi skjöl rita, komi fyrir dóm og staðfesti undirskrift sína.

Af hálfu stefnenda sé ekkert komið fram, sem geti rennt stoðum undir fullyrðingu stefnenda um, að samningurinn á dskj. 16 hafi verið ógildur frá upphafi vegna misneytingar og 32. gr. samningalaga.

Greiðsla sú, sem Einar Benediktsson hlaut fyrir að framselja höfundarétt sinn til stefnda, hafi verið veruleg fjárupphæð á sínum tíma. Einari hafi vafalítið verið þessa fjár þörf. Á efri árum sínum hafi hann engrar aðstoðar né umhyggju notið frá erfingjum sínum, enda þótt hann væri þá orðinn eigna- og félítill maður. En vafalítið hafi það jafnframt vakað fyrir Einari Benediktssyni að fela það frambærilegum tilsjónaraðilja, þar sem hæfustu og bestu unnendur skáldskapar hans ættu hlut að máli, að annast skáldskapararf hans. Í hópi þessa fólks hafi einmitt verið frumkvöðlar stefnda og nægi að nefna úr þeirra hópi Valtý Stefánsson ritstjóra og Hlín Johnson. Síðar hafi komið til menn eins og Alexander Jóhannesson prófessor, Pétur Sigurðsson háskólaritari og Magnús Víglundsson ræðismaður, sem nú er stjórnarformaður stefnda. Í 2. mgr. 31. gr. núgildandi höfundalaga sé einmitt að finna skýra lagaheimild fyrir slíkum tilsjónaraðilja og beri að líta svo á sem áskilnaði þeirrar lagagreinar sé fullnægt með samningnum á dskj. 16, enda þótt samningurinn sé ekki í erfðaskrárformi. Megi telja fullvíst, að Einar Benediktsson hefði gert erfðaskrá jafnhliða samningnum, ef sú formkrafa hefði verið í þágildandi höfundalögum.

Höfundaréttur að verkum Einars Benediktssonar renni út í árslok 1990. Það séu þannig aðeins tæp 13 ár þangað til, en stefndi hafa farið með þessi réttindi í 37 ár. Öll þessi ár hafi stefndi mátt líta á sig sem löglegan rétthafa að verkum Einars Benediktssonar og hið sama gildi um viðhorf annarra til stefnda. Enda þótt reglur um hefð á eignaréttindum séu almennt ekki taldar ná til höfundaréttinda, þá hljóti það sjónarmið samt að ná til slíkra réttinda, að ástand, sem allir hafi mátt treysta, að löglegt væri, löghelgist. Það sé vissulega vanræksla og hirðuleysi af hálfu stefnenda að hafa ekki haldið meintum rétti sínum til laga svo lengi sem raun ber vitni og verði þeir að bera hallann af því, ekki síst að því er snertir sönnun og sönnunaröggn.

IV.

Álit dómsins.

Stefnendur eru tvö börn og fimm sonarbörn Einars Benediktssonar skálds. Því er ómótmælt, að stefnendur séu allir núlifandi erfingjar skáldsins.

Þegar litið er til orðalags umboðanna á dskj. 11, 12 og 19 svo og þeirrar málsástæðu stefnenda, að Einar Benediktsson skáld

hafi í janúar 1938 ekki verið svo heill heilsu, að hann hafi verið fær um að ráðstafa fjárhagslegum og persónulegum hagsmunum sínum, þá þykir fullnægt skilyrðum til þess að leggja fram læknisfræðileg gögn um heilsu Einars Benediktssonar skálds, þ. m. t. krufningarskýrslu, og leiða sem vitni þá lækna, sem um þessi atriði kunna að bera, skv. 10. gr. laga nr. 80/1969.

Ekki þykja efni til þess að vefengja undirskriftir stefnenda að ofangreindum umboðum.

Því úrskurðast, að lögmanni stefnenda er heimilt að leggja fram vottorð dr. med. Ólafs Bjarnasonar og leiða hann til yfirheyrslu.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Lögmanni stefnenda er heimilt að leggja fram vottorð dr. med. Ólafs Bjarnasonar og leiða hann til yfirheyrslu.

Föstudaginn 4. maí 1979.

Nr. 133/1977. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Guðbergi Ólafssyni
(Hákon Árnason hrl.).

Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Héraðsdóm kvað upp Viðar Á. Olsen, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í málinu.

Sakarefni er lýst í hinum áfrýjaða dómi.